

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/608****2018/EES/85/20****frá 19. apríl 2018****um tæknilegar viðmiðanir fyrir rafræn merki fyrir búnað um borð í skipum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með tilskipun 2014/90/ESB er framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að mæla fyrir um viðeigandi tæknilegar viðmiðanir að því er varðar hönnun, nothæfi, áfestingu og notkun þessara rafrænu merkja.
- 2) Framkvæmd var kostnaðar- og ábatagreining ⁽²⁾ og gaf hún jákvæðar niðurstöður um notkun rafrænna merkja sem viðbót við stýrishjólsmarkið.
- 3) Rafræn merking búnaðar um borð í skipum krefst ekki mikilla fjárfestinga en leiðir til hagsbóta fyrir framleiður, eigendur og rekstraraðila skipa og markaðseftirlitsyfirvöld.
- 4) Forskriftirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð byggjast á samanburði á fánlegri tækni sem gerður er innan ramma kostnaðar- og ábatagreiningar, auk þar að lútandi ábendingum varðandi viðeigandi uppbyggingu kóða sem notaðir eru við sanngreiningu búnaðar um borð í skipum.
- 5) Samanburður á fyrirliggjandi gagnaberum og fyrirkomulagi gagnaskipta innan ramma kostnaðar- og ábatagreiningarinnar leiddi til tilmæla um að nota gagnafylkjakóða og auðkenningu með fjarskiptatíðni (RFID) sem mest viðeigandi tæknina.
- 6) Kostnaðar- og ábatagreiningin gaf einnig til kynna að takmarkað geymslurými fyrir gögn í rafræna merkinu geri ráð fyrir að í upplýsingum rafrænnar merkingar sé að finna hlekk í gagnasöfn þar sem mögulegt er að nálgast ítarlegri upplýsingar. Gagnafylkjakóðarnir og auðkenningin með fjarskiptatíðni (RFID) sem tilgreind eru í þessari reglugerð innihalda lykilupplýsingar svo hægt er að koma á fót slíkum hlekk.
- 7) Þar af leiðandi ætti að nota sérstaka kennimerkingu fyrir búnað um borð í skipum sem byggir á staðlaðri gagnaskipan sem er óháð gerð rafræna merkisins. Þess háttar kennimerking ætti að vera nægilega sveigjanleg til að gefa notendum beinan aðgang að mest viðeigandi gagnagrunnum fyrir búnað um borð í skipum.
- 8) Kóðunarsnið tilskildra upplýsinga á gagnabera ætti að byggjast á ISO-stöðlum. Sniðið ætti einnig að gera það kleift að kóða viðbótarupplýsingar til notkunar fyrir framleiðendur, einkum vegna þess að þeir ættu að geta komið viðbótaröryggisþáttum fyrir á gagnaberanum í því skyni að til að geta betur borið kennsl á falsaðar vörur.
- 9) Í því skyni að auðvelda sjónræna skoðun ætti búnaður um borð í skipum með rafræn merki, sem koma í staðinn fyrir stýrishjólsmarkið, að bera viðeigandi tákn.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „rafrænt merki“: merking útbúin auðkenningu með fjarskiptatíðni (RFID) eða gagnafylkjakóða,
- 2) „kennimerki verkubúnaðar“: töluforskeyti til að skilgreina merkingu og snið kóðaðra gagnastaka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 101, 20.4.2018, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146.

⁽²⁾ „Hugsanleg upptaka rafræns merkis sem viðbótar við eða staðgengil fyrir stýrishjólsmarki búnaðar um borð í skipum“, útboð stjórnarsviðs samgöngu- og flutningamála hjá framkvæmdastjórninni nr. MOVE/D2/2015-372 V1.0.

2. gr.

Framleiðendur búnaðar um borð í skipum geta notað eftirfarandi rafræn merki eins og tilgreint er í viðaukanum:

- a) merki til auðkenningar með fjarskiptatíðni (RFID), varanlega fest á búnað um borð í skipum,
- b) sjónrænt lesanleg merki sem innihalda gagnafylkjakóða, varanlega fest á búnað um borð í skipum eða
- c) sjónrænt lesanleg merki sem innihalda gagnafylkjakóða, varanlega merkt á búnað um borð í skipum.

3. gr.

RFID-rafræn merki sem koma í staðinn fyrir stýrishjólsmarkið skulu á sýnilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt sýna merkið sem er sett fram í lið 3.1 eða 3.2 í viðaukanum, annað hvort á sjálfum merkjunum eða við hlið þeirra.

Búnaður um borð í skipum með sjónrænt lesanleg merki sem innihalda gagnafylkjakóða sem koma í staðinn fyrir stýrishjólsmarkið skulu á sýnilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt sýna merkið sem er sett fram í lið 3.3 í viðaukanum, annað hvort á sjálfum merkjunum eða við hlið þeirra.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. **Auðkenning búnaðar um borð í skipum**

1.1. Rafræn merki fyrir búnað um borð í skipum skulu innihalda rafrænt lesanlega auðkenningu í auðkenningu með fjar-skiptatíðni (RFID) eða sjónrænu lesanlegu merki sem inniheldur gagnafylkjakóða með eftirfarandi upplýsingum:

- a) viðeigandi kennimerki verkbúnaðar í samræmi við ISO/IEC 15434:2006 og ISO/IEC 15418:2016, annað hvort með ASC MH10 kennimerki fyrir gögn eða GS1 kennimerki fyrir verkbúnað,
- b) gerð aðferðareiningar eða -eininga samræmismats sem er sett fram í II. viðauka við tilskipun 2014/90/ESB sem er notuð við samræmismat [einn bókstafur],
- c) kenninúmer tilkynntrar stofu sem framkvæmdastjórnin úthlutar í samræmi við lið 3.1 í IV. viðauka við tilskipun 2014/90/ESB [fjórir tölustafir],
- d) númer einingsannprófunar (aðferðareining G) eða EB-gerðarprófunarvottunar og gerðarsamræmivottorða (aðferðareining B og D, E eða F) [að hámarki 20 alstafir].

1.2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem veittar eru samkvæmt lið 1.1 geta rafræn merki einnig innihaldið upplýsingar í tengslum við númer framleiðslustaðar, vörukóða, lotunúmer og/eða viðbótarupplýsingar framleiðanda í samræmi við ISO/IEC 15434:2006 [annað hvort með ASC MH10 gagnauðkennum eða GS1 kennimerkjum verkbúnaðar].

1.3. Dæmi:

Aðferðareiningar B+D: [Sjá lið 1.2] + ([viðeigandi kennimerki]) B 0575 40123 + D 0038 040124

Aðferðareiningar B+E: [Sjá lið 1.2] + ([viðeigandi kennimerki]) B 0575 40123 + E 0038 040125

Aðferðareiningar B+F: [Sjá lið 1.2] + ([viðeigandi kennimerki]) B 0575 40123 + F 0038 040126

Aðferðareining G: [Sjá lið 1.2] + ([viðeigandi kennimerki]) G 0575 040126.

2. **Rafræn merki**2.1. *RFID-merki*

RFID-merkissvarar skulu starfræktir á tíðnisviðinu 860 til 960 MHz í samræmi við staðalinn ISO/IEC 17020:2004, tegund C.

Rafræna merkið skal tryggilega fest á viðkomandi búnað um borð í skipum með varanlegum hætti og þannig að tryggt sé að það sé læsilegt á þann hátt sem ætlast er til á áætluðum endingartíma búnaðarins um borð í skipum.

2.2. *Gagnafylkjakóðar*

Gagnafylkjakóðar skulu samræmast staðlinum ISO/IEC 16022:2006.

Rafræna merkinu skal komið fyrir á eða það tryggilega fest á viðkomandi búnað um borð í skipum með varanlegum hætti og þannig að tryggt sé að það sé læsilegt á þann hátt sem ætlast er til á áætluðum endingartíma búnaðarins um borð í skipum.

3. **Tákn**

3.1.



3.2.



3.3.


